


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 4	Sag 403	Kennsluáætlun – Vorönn 2010

Kennari	Þorsteinn Krüger	Sk.st.	POK
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um upphaf og sögu Íslam, einkenni þessara trúarbragða, Kóraninn og stöðu kvenna í Miðausturlöndum í nútímanum. Þá er fjallað um upphaf nútíma þjóðríkja í þessum heimshluta og með hvaða hætti þau urðu til í lok fyrri heimstyrjaldar. Í þriðja lagi eru kannaðar orsakirnar fyrir deilum Ísraels og Palestínaraba sem hafa staðið yfir svo til óslitið alla 20. öldina. Í fjórða lagi eru kannaðar ástæður fyrir uppgangi ýmissa “herskára” hópa í Miðausturlöndum á síðari hluta 20. aldar sem hafa haft það m.a. á stefnuskrá sinni að “íslamvæða” þau samfélög þar sem þeir hafa komist til valda, s.s. í Afganistan og Íran – og viðhorf þeirra til vestrænna ríkja og þá sérstaklega til Bandaríkjanna. Í fimmta lagi eru skoðaðar helstu ástæður fyrir árásunum á Bandaríkin 11. september 2001 og svar þeirra við þeim. Að lokum er fjallað um núverandi stöðu Bandaríkjanna í alþjóðastjórnámálum í ljósi hernaðaraðgerða þeirra í Afganistan og Írak.


Námsgögn:

Engin ein sérstök kennslubók er fyrir áfangann, en kennari mun afhenda ýmis konar efni og benda auk þess á lesefni á bókasafni. Þetta er próflaus áfangi og því verður gerð sú krafa til nemenda að þeir vinni vel í tímum og séu ætíð vel undirbúnir fyrir kennslustundir. Sérstök áhersla er lögð á aðnemendur temji sér aga og sjálfstæði í vinnubrögðum og að þeir þjálfist í samningu ritgerða, bæði hvað varðar heimildaöflun og meðferð heimilda.

Helstu markmið:

Að nemendinn

- verði meðvitaður um eðli þeirra deilna sem sett hafa svip á Miðausturlönd og geri sér ljósa grein fyrir orsökum þeirra í fortíðinni.
- átti sig á samspili trúar og stjórn mála í Miðausturlöndum, aðkomu og áhrif Vesturlanda


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 4	Sag 403	Kennsluáætlun – Vorönn 2010

á sögu þessa svæðis í fortíð og samtíð.

- þekki hina ýmsu hópa sem á Vesturlöndum eru skilgreindir sem hryðjuverkasamtök, greini eðli þeirra og stefnu.
- þekki helstu vandamál sem við er að glíma varðandi innflytjendur í Evrópu frá hinum íslamska heimi einkum og geri sér grein fyrir þeim árekstrum sem orsakast af ólíkri menningu þessara heimshluta
- þekki hugtakið “íslamsvæðing” og viðbrögð á Vesturlöndum við henni.
- þjálfist í fræðilegum vinnubrögðum í tengslum við ritgerðarsmið.

Vika	Námsefni	Verkefni
1.-2.	Inngangur. Íslam: Upphaf, saga og einkenni	Skilaverkefni
3.	Staða kvenna í íslam í nútímanum. Ritgerðarefni kynnt	
4.-5.	Tilurð ríkja í Miðausturlöndum og upphaf nútímastjórn mála þar	
6.-8.	Deilur Ísraels og Palestínaraba	Skilaverkefni
09.	Að “íslamvæða” samfélagið. Uppgangur “herrskaarra” hreyfinga	Skila ritgerð þri. 9. mars
10.-11.	Íran og Írak	Skilaverkefni
12.	Konur og “íslamvæðing” samfélagsins	
13.-14.	Hryðjuverkin í BNA 11. sept. 2001. Áhrif og afleiðingar	
15.-16.	Hernaðaraðgerðir BNA í Afganistan og Írak	
17.	Staða BNA í alþjóðastjórn málum á líðandi stundu	

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 3 af 4	Sag 403	
	Kennsluáætlun – Vorönn 2010	

	Námstilhögun
	Fyrirlestrar kennara og nemenda. Verkefni unnin á bókasafni og í tölvustöfu, ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Sum þessara verkefna eru skilaverkefni og verða þau kynnt með góðum fyrirvara. Áriðandi er að nemendur skili þeim á fyrirfram ákveðnum skiladegi. Berist verkefni of seint lækkar einkunn fyrir það og ekki verður tekið við verkefni sem berst þremur dögum eftir auglýstan skiladag. Öll verkefni skulu vera vel frágengin og tölvuunnin.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Ekkert skriflegt lokapróf	
Skilaverkefni	Skilaverkefni, 2 til 3 bls. hvert	40%
Ritgerð	Heimildaritgerð, 6 til 8 bls.	30%
Ástundun, virkni og undirbúningur		5%
Fyrirlestur	Tveir til þrjú nem. flytja glærustuddan fyrirlestur, u.þ.b. 10 mín. langan	15%
Mætingar		10%

Lagt fram með fyrirvara um hugsanlegar breytingar og óskum um gott samstarf

Þorsteinn Krüger (ÞOK)
Netfang: kruger@vma.is

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009	Sag 403 Kennsluáætlun – Vorönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 4 af 4		

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils